

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
miðvikudagurinn 5. mars 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Ingólfur Elíasson (IE), Sigrún Agata (SA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Olgeir Olgeirsson (OO), og Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var því fundargerðin frá 12. Febrúar 2025, borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Rædd var dómgæsla í komandi úrslitakeppni og var ákveðið að í úrslitakeppni kvenna yrði þriggja dómara kerfi og í úrslita keppni karla yrði 4 dómara kerfi.

Streymismál frá úrslitakeppni voru til umræðu og þá hvort ætti að loka streyminu og selja inn á það. Ákveðið var að býða með þá ákvörðun og að streymi úrslitaleikja yrði opið líkt og hingað til.

Einnig komu til umræðu öryggismál eða öryggisgæsla, kynnar leiks og fleira tengt leiknum. Ákveðið var að framkvæmdastjóri myndi ræða við félögin sem sem leika til úrslita og fara með þeim yfir helstu atriði.

Rætt var óvenjulegt dómsmál Fjölnis og hvort það muni hafa áhrif á úrslitakeppni karla. Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hefði að ósk dómsstjóra ritað greinargerð. Í henni kom fram á hvaða grunni leikleyfi það sem deilt er um í umræddu dómsmáli var gefið út og hvernig þetta ferli færi fram. Greinargerð þessi var send dómstrjóra degi fyrir þennan stjórnarfund. Ómögulegt er fyrir stjórnina að sjá fyrir hvaða niðurstaða verður í þessu máli en ljóst er að stjórnin þarf að fylgjast vel með framvindunni og bregðast hratt við niðursstöðum.

Ákveðið var að Íshokkíþing verði haldið 10. maí næstkomandi. Einnig að vinnufundur stjórnar vegna reglugerða- og lagabreytinga verði 26. mars klukkan 16:00.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við swissneska fyrirtækið 49ing. Varðandi leikgreiningar hugbúnað. Ákveðið var að gefa framkvæmdastjóra heimild til þess að ganga til samninga.

Tekin voru fyrir erindi frá foreldrafélagi SR og Bjarna Helgasyni persónulega, Foreldrafélag SR fór fram á að ÍHÍ myndi greiða félaginu bætur vegna útgjalda sem félagið varð fyrir vegna frestunar á U14 móti á Akureyri. Stjórnin var sammála um að hafna erindinu. Hitt erindið var Bjarna Helgasyni þar sem hann fór fram á að ÍHÍ myndi greiða fyrir breytingagjald á flugmiða sem gera þurfti til þess að sonur hans Helgi Bjarnason væri komin heim í tíma fyrir landsliðsferð U18 til Mexíkó. Þessu erindi var einnig hafnað.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

